Aðalskipulag Húnaþings vestra
2014 – 2026. Aðalskipulagsbreyting

Breytt lega Vatnsnesvegar (711) við Tjörn og ný efnistökusvæði

---

Skipulagstillaga - Greinargerð
Janúar 2018-Drög

Húnaþing vestra

LANDMÓTUN

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann _____ 20 __

_____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____ 20__.

_____

_____

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

Greinargerð þessari fylgir uppdráttur dagsettur 26.01.2018.

DRÖG

DRÖG

Efnisyfirlit

1. Inngangur 5
2. Efni og umfang skipulagsbreytingar 5
3. Fyrirliggjandi stefna og aðrar áætlanir 5
Aðalskipulag Húnaþing vestra 2014-2026. 5
Samgönguáætlun 5
Landsskipulag 6
Ferðamálastefna 6
4. Staðhættir og umhverfisaðstæður 6
5. Breytingar á aðalskipulagi 9
Breyting á kafla 3.2.6 Efnistöku- og efnislosunarsvæði 9
Námur í Húnaþingi vestra 9
6. Umhverfisskýrsla 14
Umhverfisþættir og viðmið 14
7. Niðurstaða 17
8. Kynning og samráð 18
1. Heimildarskrá 19

Myndaskrá

Mynd 2. Ný efnistökusvæði á Vatnsnesi. 7
Mynd 1. Vistgerðir á Vatnsnesi, vistgerðarkort.ni.is. 7
Mynd 3. Afstöðumynd Vegagerðarinnar, Vatnsnesvegur um Tjarnará. 8
Mynd 4. Valkostir varðandi vegagerð í Húnaþingi vestra. Ný veglína sýnd með blárri punktalínu. 14

Töfluskrá

Tafla 1. Námur í gildandi aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026. 13
Tafla 2. Námur sem bætast við gildandi aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026. 13
Tafla 3. Umhverfisþættir, skýringar og viðmið. 16
Tafla 4. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar. 16
Tafla 5. Umhverfismat. 18

DRÖG

Breyting á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026.

Greinargerð og umhverfisskýrsla

1. Inngangur

Húnaþing vestra vinnur nú að breytingu á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026. Vegagerðin hefur óskað eftir við sveitarfélagið að farið verði í breytingu á aðalskipulagi vegna breyttar legu á Vatnsnesvegi nr. 711 ásamt nýjum efnistökusvæðum.

Breytingin fjallar um breytta veglínu á um 700 metra kafla við bæinn Tjörn á Vatnsnesi, en í heildina er vegaframkvæmdin 1,8 km og að hluta til í sama vegstæði. Vegagerðin felur í sér nýtt brúarstæði yfir Tjarnará þar sem tekin er af hættuleg beygja yfir ána, ásamt nýjum efnistökusvæðum.

Breytingin fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem um er að ræða efnistökusvæði sem nær yfir stærra svæði en 25.000 m^2 og fellur því undir flokk B skv. lið 2.03.

2. Efni og umfang skipulagsbreytingar

Breytingar á aðalskipulagi Húnaþings vestra vegna framangreindra áforma felast fyrst og fremst í því, að breyta þarf sveitarfélagsuppdrætti á þann hátt að breytt veglína verði færð inn á uppdrátt. Skilgreina þarf nýjar námur og gerð verður því breyting á kafla 3.2.6 um efnistökusvæði. Áætluð efnisþörf vegna vegagerðarinnar er um það bil 29.000 m^3.

3. Fyrirliggjandi stefna og aðrar áætlanir

Aðalskipulag Húnaþing vestra 2014-2026

Í aðalskipulaginu er Vatnsnesvegur skilgreindur sem tengivegur og ekki er greint frá neinum fyrirhuguðum breytingum á honum í aðalskipulaginu.

Markmið aðalskipulagsins um vegi er að leitað verði hagkvæmustu lausna í vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi og samtengingu byggðar.

Leiðir að þessum markmiðum eru að stuðlað verði að bættum samgöngum innan sveitarfélagsins og við nágrannabyggðarlög. Skoðaður verði möguleiki á þverun Hrútafjarðar við Reykjatanga og á færslu þjóðvegar á Holtavörðuheiði.

Samgönguáætlun

Fimm markmið um þróun í samgöngum eru sett fram í þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2011-2022: - Greiðari samgöngur - Hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna - Umhverfislega sjálfbærar samgöngur - Öryggi í samgöngum - Jákvæð byggðaþróun. Í markmiði um jákvæða byggðaþróun segir m.a.: „Samgöngur tengja saman fólk og byggðir. Í samræmi við sóknaráætlun og svæðaskiptingu landsins verði við forgangsröðun framkvæmda tekið mið af þörfum einstakra svæða fyrir bættar samgöngur til að efla sveitarfélög, styrkja hvert svæði og landið allt.

Stytting ferðatíma, uppbygging vega með bundnu slitlagi og gerð jarðganga til að leysa af hólmi erfiða fjallvegi skapa betri skilyrði fyrir jákvæða byggðaþróun og eflingu einstakra atvinnu- og

þjónustusvæða. Markmiðið er að samþætta samgönguáætlun við aðra áætlanagerð og opinbera stefnumótun. Þannig má öðlast sameiginlega framtíðarsýn fyrir alla landshluta til að efla atvinnulíf og lífsgæði, og hámarka hagkvæma nýtingu á samgöngumannvirkjum og þjónustu“.

Landsskipulag

Í Landsskipulagsstefnu kemur eftirfarandi fram í kafla 3.5.1 um samgöngur innan vinnusóknarsvæða:

Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða, með styrkingu byggðar að leiðarljósi. Við skipulag byggðar og samgangna verði miðað við að sem flestir íbúar komist til næsta meginkjarna á innan við einni klukkustund. Skipulag feli einnig í sér stefnu um almenningssamgöngur. Jafnframt verði mótuð stefna um tengingar milli helstu meginkjarna í samræmi við samgönguáætlun.

Ferðamálastefna

Í Ferðamálastefnu er markmið um aukna dreifingu ferðamanna, að hærra hlutfall ferðamanna komi til landsins utan háannar og að gistinóttum þeirra á landsbyggðinni fjölgi. Til að svo verði eru góðar samgöngur afar mikilvægar. Eitt af forgangsmálum verkefnaáætlunar 2016-2017 í Ferðamálastefnu er að „tryggja að samgönguáætlun taki mið af þörfum ferðaþjónustu og spám um áframhaldandi fjölgun ferðamanna“. Í Ferðamálastefnu er fjallað um öryggi ferðamanna, að „markvisst verði metnar leiðir til að draga úr slysum og óhöppum meðal innlendra og erlendra ferðamanna og auka öryggi þeirra í samvinnu lögregluyfirvalda, Landsbjargar og Samtaka ferðaþjónustunnar“. Bættar samgöngur hafa veruleg áhrif á öryggi allra þeirra sem ferðast um vegakerfið. Um dreifingu ferðamanna segir: Það hefur augljósa kosti að ferðamenn fari sem víðast um landið – ekki síst til að dreifa álagi. Góðar og öruggar samgöngur eru forsenda þess að svo megi verða og taka þarf tillit til þess við gerð samgönguáætlunar. Mikilvægt er að uppbygging og viðhald skilgreindra heilsársvega verði stórbætt. Eins væri æskilegt að skilgreina ferðamannaleiðir í hverjum landshluta, sem stuðlað gæti að vaxandi aðdráttarafli og lengri viðveru ferðamanna í þeim. Þá verði vegum að áfangastöðum ferðamanna haldið opnum eins og hægt er. Bættar og samræmdar leiðar- og öryggismerkingar verði um allt land. Þetta á m.a. við um merkingar á helstu vegum, ásamt vegum í dreifbýli og á hálendi. Mikilvægt er að merkingar séu bæði á íslensku og ensku og jafnvel á fleiri tungumálum.

4. Staðhættir og umhverfisaðstæður

Vatnsnes er grösugt nes fyrir miðjum Húnaflóa. Um 40 km langt og hæsti tindur þess er Þrælsfell í tæplega 900 metra hæð yfir sjávarmáli. Blómleg byggð og mikið útræði var á öldum áður á Vatnsnesi, en við lok 20. aldar fór byggðinni hnignandi og bæir fóru í eyði. Breytingar á vegi munu fara fram í landi Tjarnar og Gnýstaða á Vatnsnesi en Tjörn er bær, kirkjustaður og fyrrum prestsetur. Vegurinn um Vatnsnes er skráður sem tengivegur í flokki C7 skv. vegaskrá Vegagerðarinnar. Vegurinn er einbreiður malarvegur og er verulega farinn að láta á sjá en síðustu vegabætur voru endurbætur á Vatnsnesvegi frá Hvammstanga að Ytri-Kárastöðum, norðan við Hvammstanga. Framkvæmdakaflinn var um 4,6 km langur.

Umferð um Vatnsnesveg hefur aukist verulega á síðustu árum með auknum fjölda ferðamanna sem fara um Vatnsnesið til náttúruskoðunar og útivistar. Ef horft er til breytinga sl. 10 ára þá var árið 2007 árdagsumferð (ÁDU) um Vatnsnesveg, á talningastöðinni frá Hvammstanga og norður Vatnsnesið, 1188 bílar á sólarhring og sumardagsumferð (SDU) 1953 bílar. Árið 2016 var umferðin komin í 1637 bílar á sólarhring (ÁDU) og sumardagsumferð (SDU) 2616 bílar. Fjöldi umferðaróhappa hafa átt sér stað á Vatnsnesi og eru vegabætur nauðsynlegar til þess að spyrna á móti þessari aukningu.

Námur á Vatnsnesi eru nokkrar og flestar setnámur en efnið í þeim ekki heppilegt til vegagerðar og hefur reynst erfitt að finna gott efni til malarklæðningar á svæðinu. Rannsókn var unnin á svæðinu með það markmið að finna efni í uppbyggingu á Vatnsnesvegi miðað við umferðarálag. Ný efnistökusvæði eru skilgreind út frá niðurstöðu þessarar rannsóknar og einungis ein núverandi náma uppfyllti viðmið rannsóknarinnar og verður hún nýtt. Sú efnistaka sem áætluð er úr námunum miðast ekki eingöngu við þessa einstöku framkvæmd heldur einnig til framtíðaruppbyggingar og viðhaldi á vegum á Vatnsnesi.

Vistgerð Vatnsness einkennist af grasmóavist, tún og akurlendi, graslendi, melar og sandlendi s.br. mynd 2. Áætluð vegagerð og efnistaka skerðir ekki ræktarland en flatarmál þess lands sem skilgreint er í aðalskipulagi sem Landbúnaðarsvæði (<200 m.y.s.) breytist lítilsháttar.



Mynd 1. Ný efnistökusvæði á Vatnsnesi.



Mynd 2. Vistgerðir á Vatnsnesi, vistgerðarkort.ni.is.

Samkvæmt upplýsingum frá jarðfræðingi Vegagerðarinnar hvað varðar fornminjar þá eru vísbendingar um að hrunin varða sé innan efnistökusvæðis við Byrgjamel, en óvíst er um verndargildi hennar en samráð var haft við Minjastofnun Íslands hvað varðar minjar á framkvæmdasvæðinu. Samkvæmt Minjastofnun þá er ekki þörf á fornleifaskráningu en Minjastofnun fór á vettvang og tók út svæðið. Rétt er að árétta lög um menningarminjar nr.

80/2012, gr. 24 um áður ókunnar fornminjar, en þar segir ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar.

Innan nýrrar veglínu Vatnsnesvegar er nýtt brúarstæði yfir Tjarnará og núverandi brú verður aflögð. Áætlað er að nýtt brúarstæði verði um 300 m neðar í ánni og vegurinn verði yfir steypan stokk, sjá mynd 3. Tjarnará er um 15 km löng dragá og nokkur veiði hefur verið bæði á laxi og silungi. Þessi nýja þverun getur haft í för með sér röskun, á framkvæmdartíma, á lífríki Tjarnarár en langtímaáhrif eru óveruleg. Til þess að halda röskun og álagi á lífríki árinnar í lágmarki munu framkvæmdir sem leiða til gruggunar á ánni ekki fara fram á tímabilinu 15. júní til 1. október. Samráð verður haft við Fiskistofu, Náttúrufræðistofnun Íslands og landeigendur hvað varðar framkvæmdir við ánna.

Mynd 3. Afstöðumynd Vegagerðarinnar, Vatnsnesvegur um Tjarnará.

Ný veglögn mun hafa mikil jákvæð samfélagsleg áhrif þar sem öryggi vegfarenda mun stóraukast. Á Vatnsnesvegi hafa verið mörg umferðaróhöpp sem rekja má beint til ástands vegarins sem hefur undan farið versnað til muna vegna aukins umferðarþunga samfara auknum ferðamannastraumi. Breytt veglína við bæinn Tjörn á Vatnsnesi tekur af hættulegar beygjur sem eykur enn frekar umferðaröryggi á leiðinni. Bættar samgöngur styrkja sveitarfélagið þar sem samskipti verða auðveldari. Búast má við aukinni umferð um svæðið þar sem náttúra þess hefur mikið aðdráttarafl bæði fyrir ferðamenn og íbúa sem sækja í að njóta útiveru. Gera má ráð fyrir álagi hvað varðar hljóðvist á framkvæmdartíma vegna umferðar vinnuvéla en sprengingar eða annað sem gæti valdi álagstoppum eru ekki ráðgerðar í framkvæmdinni.

5. Breytingar á aðalskipulagi

Markmið breytingarinnar er að auka umferðaröryggi á svæðinu með því að fækka hættulegum vegaköflum og einbreiðum brúm og um leið efla samgöngur innan sveitarfélagsins. Hönnun og uppbygging vegarins miðast að lágmörkun á viðhalds- og rekstrarkostnaði með burðarmeiri vegi og endingargóðu malarlagi. Breytingin er í samræmi við markmið gildandi aðalskipulags um vegi, en þar segir:

Markmið um vegi í aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 er að leitað verði að hagkvæmustu lausna í vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi og samtengingu byggðar.

Breytingar sem gerðar eru á aðalskipulaginu eru tvíþættar. Annars vegar er breyting á uppdrætti þar sem veglína er lagfærð til samræmis við nýja veglínu. Greinargerð helst óbreytt vegna vegarins. Hins vegar er gerð breyting á kafla 3.2.6 um efnistöku- og efnislosunarsvæði þar sem við bætast 4 ný efnistökusvæði og verður sú breyting rakin í kafla 5.1.

5.1. Breytingar á aðalskipulagi

Breyting á kafla 3.2.6 Efnistöku- og efnislosunarsvæði

Við framkvæmdir verður efni í veginn sótt í þegar skilgreinda námu á svæðinu, E-31 en einnig eru skilgreind ný efnistökusvæði samfara vegagerðinni. Til þess að vegurinn uppfylli þær kröfur er gerðar eru út frá öryggi, umferðarálagi, rekstri og viðhaldi þarf það efni sem notað er í hann að vera hentugt og er það af skornum skammti á svæðinu.

Skilgreind eru 4 ný efnistökusvæði sem nýtt verða til vegagerðar og til framtíðarnota. Heildarefnismagn sem fer í vegagerðina er um 29.000 m^3 og verður það fengið úr námum E-31, E-48 og E-49. Innan breytingarinnar eru einnig efnistökusvæði E-50 og E-51 sem áætluð eru til framtíðarnota við uppbyggingu á Vatnsnesvegi.

Námur í Húnaþingi vestra

Í aðalskipulaginu er markmið hvað varðar efnistöku- og efnislosunarsvæði að ávallt sé til taks nægt efni til framkvæmda. Einnig kemur fram að við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni. Á síðustu árum hafi verið samdráttur í vegagerð og því þarfnist margir malarvegir í Húnaþingi vestra lagfæringar og því þörf á nýjum efnistökusvæðum þar sem hægt er að vinna malarslitlag.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir mörgum námum til þess að gefa skýrt yfirlit um þær kvaðir sem gilda um efnistöku og efnislosun. Í Húnaþingi vestra er námum skipt í 5 flokka sem um gilda mismunandi skilmálar. Þær námur sem breytingartillagan nær til falla allar í 3 flokk, 10.001-50.000 m^3, skilmálar; Hægt er að veita framkvæmdarleyfi byggt á stefnumörkun aðalskipulags enda komi þar fram stærð námu, staðsetning og tegund efnis.

Eftirfarandi yfirlit er yfir núverandi og áætluð efnistökusvæði í Húnaþingi vestra fyrir breytingu.

Nr.	Námuheiti	Gerð	Lýsing	Framk. leyfi	Frágangur
E-1	Kattará	Setnáma	Áframhaldandi efnistaka í mela. Áætlað magn, allt að 30.000 m^3 á 15.000 m^2 svæði.		Landmótun að lokinni efnistöku mun miða að því að raskað land falli vel að umhverfi sínu.
E-2	Borgarháls	Setnáma	Malarslitlag. Áframhaldandi efnistaka. Áætlað magn, allt að 15.000 m^3 á 6.000 m^2 svæði.		Að efnistöku lokinni verður náman sléttuð og gengið frá í samræmi við umhverfið.
E-3	Sauðanes	Klapparnáma	Efnistaka í klöpp. Efnistaka verður í framhaldi núverandi efnistöku. Áætlað efnismagn um 40.000 m^3 á allt að 10.000 m^2 svæði.		Landmótun að lokinni efnistöku mun miða að því að raskað land falli vel að umhverfi sínu. Lausu grjóti sem fellur til við vinnslu verður m.a. ýtt upp að námustálinu.
E-4	Hvalsárnáma	Setnáma	Áætluð efnistaka er 15.000 m^3 á næstu 20 árum. Stærð svæðis er um 12.000 m^2 .		Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-5	Kjörseyrar-náma	Setnáma	Áætluð efnistaka er 10.000 m^3 , á næstu 20 árum. Stærð svæðis er um 12.000 m^2 .		Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-6	Valdasteins-staðir	Klapparnáma	Efnistaka í klöpp ofan vegar. Áætluð efnistaka er um 20.000 m^3 á næstu 20 árum á um 7.000 m^2 svæði. Efnistakan er fyrst og fremst vegna rofvarna.		Landmótun að lokinni efnistöku mun miða að því að raskað land falli vel að umhverfi sínu. Lausu grjóti sem fellur til við vinnslu verður m.a. ýtt upp að námustálinu.
E-7	Melar Hrútafirði	Setnáma	Áætluð efnistaka er 40.000 m^3 á næstu 20 árum. Stærð svæðis er um 10.000 m^2 .		Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-8	Bálkastaðir Hrútafirði	Setnáma	Áætluð efnistaka er 35.000 m^3 á næstu 20 árum. Stærð svæðis er um 12.000 m^2 .		Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-9	Bláhæð	Klapparnáma	Áætluð efnistaka er 25.000 m^3 má næstu 20 árum. Náman er ein af viðhaldsnámum Vegagerðarinnar og efni notað til vegagerðar í slit- og burðarlög.		Gengið verður frá efnistökusvæðinu þannig að botn verður jafnaður eins og hægt er að koma við og fláar mótaðir þannig að skepnum og fólki stafi ekki hætta af og lítið beri á.
E-10	Reykir Hrútafirði	Setnáma	Áætluð efnistaka er 35.000 m^3 á næstu 20 árum. Stærð svæðis er um 12.000 m^2 .		Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-11	Bálkastaða-náma Heggstaða-nesi	Setnáma			Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-12	Útibleiks-staðir	Setnáma			Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-13	Sandanáma	Setnáma	Áætluð efnistaka er 10.000 m^3 , á næstu 20 árum. Stærð svæðis er um 10.000 m^2 .		Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-14	Svertings-staðir	Setnáma	Í framkvæmdarleyfi segir að nota eigi efnið til mölunar í malarslitlag til viðhalds vega. Gert er ráð fyrir námuvinnslu í 20 ár og nýttir verða um 20.000 m^3 á þeim tíma á 38.829 m^2 .	x	Að malarnámi loknu verður námusvæðið allt jafnað yfir sárið og sáð í og borinn tilbúinn áburður. Eftir þá aðgerð verður svæðið sléttur gróinn flötur með góðum vatnshalla til norðurs.
E-15	Melstaður	Setnáma	Efnistaka í norður og vestur hluta melhóls ofan við Melstað. Efni hefur áður verið tekið þarna. Gert er ráð fyrir efnistöku á um 8.000 m^2 svæði. Efnið nýtist í fyllingar og fláa við		Að vinnslu lokinni skal jafna úr brúnum og laga efnistökusvæðið að umhverfinu með fláum 1:2 eða flatari. Jarðvegur verður notaður

			endurbyggingu Miðfjarðavegar. Magn áætlað 16.000 m^3 .		við frágang og sáð í með grasfræjum.
E-16	Krókstaða-melar	Setnáma	Náman er á mel milli bæjanna Krókstaða og Brekkulækjar. Nota á efnið í styrktarlag, burðarlag og slitlag meðal annars við endurbyggingu og styrkingu Miðfjarðavegar. Efnistökusvæðið er um 18.000 m^2 að stærð. Áætlað magn er allt að 47.000 m^3.		Við frágang skal jafna ofanafýtingarmold í jöfnu lagi yfir efnistökusvæðið og það mótað að landi. Sáð verður í námuna.
E-17	Melalækjar-náma	Setnáma	Áætluð efnistaka er 20.000 m^3 , á næstu 20 árum, stærð svæðis er um 21.500 m^2.		Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-18	Brekkulækur	Setnáma	Áætluð efnistaka er 10.000 m^3 , á næstu 20 árum. Stærð svæðis er um 12.000 m^2 .		Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-19	Spenamelar	Setnáma	Áætluð efnistaka er 15.000 m^3 á næstu 20 árum. Stærð svæðis er um 11.000 m^2 .		Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-20	Bjargshóll	Setnáma	Áætluð efnistaka er 8.000 m^3 á næstu 20 árum. Stærð svæðis er um 8.000 m^2 .		Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-21	Náma sunnan Urriðaár	Setnáma (steypuefni)	Efni sem steypustöðin á Hvammstanga notar. Áætluð efnistaka er 30.000 m^3 á næstu 20 árum. Stærð svæðis er um 3.000 m^2 .		Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-22	Bjarg sunnan við Urriðaá	Klöpp	Áætluð efnistaka er 10.000 m^3 á næstu 20 árum. Stærð svæðis er um 10.000 m^2 .		Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-23	Urriðaár-náma	Setnáma	Áætluð efnistaka er 20000 m^3 á næstu 20 árum. Stærð svæðis er um 17000 m^2 .		Að efnistöku lokinni verður námusvæðið lagað til og mótað að landi og sáð í það.
E-24	Sunnan við Laugarbakka	Setnáma	Áætluð efnistaka er 10.000 m^3 á næstu 20 árum. Stærð svæðis er um 10.000 m^2 .		Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-25	Gröf, Grafarnes	Möl	Efnistaka er heimil á allt að 25.000 m^2 .		Efniskaupar sjá um jöfnun og frágang svæðisins. Þar sem verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-26	Kárastaðir	Setnáma	Áætluð efnistaka er 10.000 m^3 á næstu 20 árum. Stærð svæðis er um 4.000 m^2 .		Við frágang verður í samráði við landeiganda námuflái og botn jafnaður og frágenginn.
E-27	Ánastaðir II	Setnáma	Áætluð efnistaka er 20.000 m^3 á næstu 20 árum. Stærð svæðis er um 21.000 m^2 .		Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-28	Bergsstaða-náma	Setnáma	Áætluð efnistaka er 10.000 m^3 á næstu 20 árum. Stærð svæðis er um 11.000 m^2 .		Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-29	Illugastaða-náma	Setnáma	Í framkvæmdarleyfi segir að tekið verði 20.000 m^3 af steinefni í vinnslu malar á næstu 20 árum. Efnistaka og athafnasvæði er á um 15.800 m^2 svæði.	x	Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-30	Tjarnará	Setnáma	Ógróinn melur. Efnistaka á um 10.000 m^2 svæði. Áætlað magn um 20.000 m^3 .		Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-31	Syðri Tjarnarmelar	Set- og klöpp	Efnistökusvæði á óröskuðu landi samtals 15.000 m^2 að flatarmáli. Efnið nýtist við endurbyggingu Vatnsnesvegar um Tjarnará. Magn áætlað allt að 45.000 m^3 .		Að vinnslu lokinni skal jafna úr brúnum og laga efnistökusvæðið að umhverfinu. Jarðvegur verður notaður við frágang og sáð í með grasfræjum.
E-32	Katadals-melanáma	Setnáma	Áframhaldandi efnistaka í hól og mel. Efnistökusvæðið er um 10.000 m^2 að stærð og áætluð efnistaka er um 10.000 m^3 .		Að malarnámi loknu verður námusvæðið lagað til og mótað að landi og sáð í það.

E-33	Tjarnarnáma	Setnáma	Áframhaldandi efnistaka í grasi gróinn mel samtals 10.000 m² að flatarmáli. Efnið nýtist við endurbyggingu Vatnsnesvegar um Tjarnará og hugsanlega til vinnslu malarslitlags Magn áætlað um 30.000 m³ .		Að vinnslu lokinni skal jafna úr brúnum og laga efnistökusvæðið að umhverfinu. Jarðvegur verður notaður við frágang og sáð í með grasfræjum.
E-34	Krossanes-náma	Setnáma	Efnistaka er í suðurkanti núverandi malarnámu. Tilgangur með efnisnáminu er að nýta það til vinnslu malarslitlags til viðhalds vega á svæðinu. Gert er ráð fyrir að vinna 20.000 m³ af malarslitlagsefni á 20 árum á um 11.542 m² svæði.	x	Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-35	Þorfinns-staðir	Setnáma	Í framkvæmdaleyfi segir að teknir verði 15.000 m³ á næstu 20 árum um 12.300 m² .	x	Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-36	Þverármelur	Setnáma	Áætluð efnistaka er 20.000 m³ á næstu 20 árum, stærð svæðis er um 14.000 m² .		Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-37	Móamelar 1	Setnáma	Áætluð efnistaka er 20.000 m³ , á næstu 20 árum. Stærð svæðis er um 20.000 m² .		Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-38	Hörgshóll	Klapparnáma	Í framkvæmdaleyfi er sagt að tekið verði 15.000 m³ af klöpp í vinnslu malar á 20 árum, efnistaka og athafnasvæði er á um 7.000 m² svæði.	x	Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-39	Áslands-náma	Setnáma	Áætluð efnistaka er 5.000 m³ á næstu 20 árum. Stærð svæðis er um 10.000 m² .		Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-40	Kerhóll	Setnáma	Áætluð efnistaka er 5.000 m³ á næstu 20 árum. Stærð svæðis er um 5.000 m² .		Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-41	Víðidals-tungumelar	Setnáma	Í framkvæmdaleyfi segir að teknir verði um 15.000 m³ á næstu 15 árum á um 8.000 m² svæði.	x	Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-42	Húsaborgarnáma	Klapparnáma	Náma í landi Auðunarstaða þar sem áætluð efnistaka er 45.000 m³ af efni á 4.500 m² svæði. Efni sem hentar t.d. fyrir slitlag.		Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-43	Tagl við Bjarghús	Klapparnáma	Efnistökusvæði á óröskuðu landi samtals 12.000 m² að flatarmáli. Tilgangur efnistökunnar er vinnsla steinefna í klæðningar. Af 24.000 m³ heildarefnistöku er gert ráð fyrir að um 20.000 m³ sé stuðlaberg og/ eða kubbaberg sem nýtist í efnisvinnslu.	x	Við frágang verður bráðabirgða vinnsluplan meðfram Síðuvegi fjarlægt og brúnir lóðréttra veggja fjarlægðar. Haugar ónotaðs efnis jafnaðir út yfir námubotninn og mold sem fyrir hendi verður jöfnuð í a.m.k. 30 cm lagi yfir malar og /eða klapparyfirborð. Sáð verður og borið á allt svæðið. Hagað verður svo til að vatnsuppistaða verði hvergi á svæðinu og leysingarvatn renni norður úr efnistökulægðinni í núverandi ræsi undir Síðuveg norðan námunnar.
E-44	Katlanáma	Setnáma	Áætluð efnistaka er 5.000 m³ á næstu 20 árum. Stærð svæðis er um 10.000 m³ .		Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-45	Vatnsenda-náma	Setnáma	Áætluð efnistaka er 10.000 m³ á næstu 20 árum. Stærð svæðis er um 10.000 m² .		Við frágang verður sléttað yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.
E-46	Þorkelshóll	Setnáma	Áframhaldandi efnistaka í mel sunnan Hringvegar. Hér er skering. Útvíkkun á skeringu vegna snjósöfnunar. Gert er ráð fyrir efnistöku á um 11.000 m² svæði. Magn áætlað allt að 40.000 m³ .		Að vinnslu lokinni skal jafna úr brúnum og laga efnistökusvæðið að umhverfinu með fláum 1:2 eða flatari. Jarðvegur verður notaður

					við frágang og sáð í með grasfræjum.
E-47	Miðhóp-Kjalarnáma	Setnáma	Í framkvæmdarleyfi segir að tekið verði um 15.000 m^3 af steinefni til vinnslu malar á 20 árum .	x	Við frágang verður í samráði við landeiganda námufláinn og botninn jafnaður og frágenginn. Mold og öðru efni sem tiltækt er í eða við námuna jafnað yfir sárið og sáð í og borinn á tilbúinn áburður.

Tafla 1. Námur í gildandi aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026.

Eftir breytingu mun eftirfarandi bætast við töfluna:

Nr.	Námuheiti	Gerð	Lýsing	Framkv.-leyfi	Frágangur
E-48	Byrgjamelur	Setnáma	Áætluð efnistaka er 25.000 m^3 á næstu 20 árum. Stærð svæðis er um 36.000 m^2 .		Við frágang skal jafna jarðveg þannig að hann falli sem best að umhverfi sínu.
E-49	Leirnáma	Setnáma	Áætluð efnistaka er 25.000 m^3 á næstu 20 árum. Stærð svæðis er um 15.000 m^2 .		Við frágang skal jafna jarðveg þannig að hann falli sem best að umhverfi sínu.
E-50	Melar við Gildruklett	Setnáma	Áætluð efnistaka er 49.000 m^3 á næstu 20 árum. Stærð svæðis er um 24.500 m^2 .		Við frágang skal jafna jarðveg þannig að hann falli sem best að umhverfi sínu.
E-51	Hjallholt	Setnáma	Áætluð efnistaka er 20.000 m^3 á næstu 20 árum. Stærð svæðis er um 15.000 m^2 .		Við frágang skal jafna jarðveg þannig að hann falli sem best að umhverfi sínu.

Tafla 2. Námur sem bætast við gildandi aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026.

DRÖG

6. Umhverfisskýrsla

Við mat á umhverfisáhrifum verður sem fyrr segir unnið eftir lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.

Helstu þættir breytingartillögunnar, sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum, eru vegagerð, efnistaka og brúargerð/stokkur. Út frá þeim aðstæðum sem eru á skipulagssvæðinu voru umhverfisþættir valdir og eru áhrifin mismikil á umhverfisþætti eftir því hvort um ræðir vega- og brúargerð eða efnistöku.

Við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar verður gerður samanburður við „núllkost," sem felst í því að engar breytingar verði gerðar á núverandi vegi og veglína áfram skilgreind eftir gildandi aðalskipulagi.

Valkostur A: Breytt veglína, stokkur yfir Tjarnará og ný efnistökusvæði.

Valkostur B: Óbreytt ástand, gildandi aðalskipulag með núverandi legu og núverandi efnistökusvæði.



Mynd 4. Valkostir varðandi vegagerð í Húnaþingi vestra. Ný veglína sýnd með blárri punktalínu.

Umhverfisþættir og viðmið

Helstu þættir breytingartillögunnar, sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum, eru vegagerð, efnistaka og brúargerð/stokkur. Út frá þeim aðstæðum sem eru á skipulagssvæðinu voru umhverfisþættir valdir og eru áhrifin mismikil á umhverfisþætti eftir því hvort um ræðir vega- og brúargerð eða efnistöku.

Við matið verður fjallað um eftirfarandi umhverfisþætti:

- Landnotkun og mannvirki
- Útivist og ferðamennska
- Heilsa og hljóðvist
- Fornleifar
- Gróðurfar
- Lífríki straumvatna
- Samfélag
- Landslag og ásýnd

Val á umhverfisþáttum byggist á greiningu á því hvaða þættir umhverfisins gætu orðið fyrir áhrifum vegna skipulagsbreytingarinnar. Greint verður frá mögulegum mótvægisaðgerðum og vöktun ef í ljós kemur að umhverfisáhrif í einhverjum umhverfisþáttum eru talin veruleg.

Viðmið

- Forsendur við mat á umhverfisáhrifum verða byggðar á þremur meginþáttum:
- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining sérfræðinga á einkennum áhrifa á einstaka umhverfisþætti.
- Umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings, sem kunna að liggja fyrir, sbr. Kafla um kynningu og samráð.

Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti verður stuðst við tiltekin viðmið s.s. stefnumörkun stjórnvalda, alþjóðasamninga, lög og reglugerðir. Í töflu 3 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati á breytingu aðalskipulagsins. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem aðalskipulagstillagan hefur í för með sér.

Umhverfisþættir	Skýring	Viðmið
Landnotkun og mannvirki	Nýr vegur og efnistaka getur haft áhrif á nærliggjandi landnotkun (landbúnað, o.s.frv.)	Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026
Útivist og ferðamennska	Ákveðnir þættir breytingar aðalskipulags munu hafa áhrif á ferðamennsku.	Velferð til framtíðar: stefnumörkun stjórnvalda til 2010-2013 Vegvísi í ferðaþjónustu 2015-2020 Ferðamálaáætlun 2011-2020
Heilsa og hljóðvist	Vegaframkvæmd og efnistaka mun hafa áhrif á nærliggjandi svæði og bættur vegur mögulega aukna umferð í för með sér.	Velferð til framtíðar: stefnumörkun stjórnvalda til 2010-2013 Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengun Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða
Fornleifar	Vegagerð og efnistaka getur haft áhrif á fornleifar.	Lög um menningarminjar nr. 80/2012

Gróðurfar	Nýr vegur, efnistaka mun hafa áhrif á gróðurfar á svæðinu	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur og um fugla og spendýr. Listi yfir friðlýstar plöntur 61 gr. laga um náttúruvernd Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, áherslur 2010-2013, sjá kafla 12 um sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða.
Lífríki straumvatna	Brúargerð hefur möguleg neikvæð áhrif á lífríki straumvatna	Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Lög um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006 Bernarsamningurinn um verndun villtra dýra og plantna og búsvæða í Evrópu.
Samfélag	Samgöngubætur hafa áhrif á samfélagið í sveitarfélaginu og sveitarfélaga í nágrenningu.	Byggðaáætlun Samgönguáætlun

Tafla 3. Umhverfisþættir, skýringar og viðmið.

Vægi áhrifa

Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi áhrifa:

Vægi áhrifa/ Vægiseinkunn	**Skýring**
Verulega jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsvert jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið jákvæð fyrir svæðið og/eða geta verið jákvæð fyrir fjölda fólks. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum afturkræf. Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óveruleg	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsvert neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið neikvæð fyrir svæðið og/eða geta valdið fjölda fólks ónæði eða óþægindum. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkræf. Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. Áhrifin geta að einhverju leyti verið í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Verulega neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fjölda fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrif eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. Áhrifin eru í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óvissa	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.

Tafla 4. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar.

7. Niðurstaða

Í töflu hér á eftir er samantekt á áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar á einstaka umhverfisþætti. Helstu þættir breytingartillögunnar sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum eru þættir á framkvæmdatíma við efnisnám, vegagerð og við byggingu brúar/stokks og eftir að framkvæmdum er lokið.

Í töflunni kemur fram að aðalskipulagsbreytingin mun hafa jákvæð áhrif á útivist og ferðamennsku og verulega jákvæð áhrif á samfélag. Breytingin hefur óveruleg áhrif á landnotkun og mannvirki, heilsu og hljóðvist, fornleifar, gróðurfar og á lífríki straumvatna.

Umhverfis-þættir	Vægi	Valkostur A	Vægi	Valkostur B
Landnotkun og mannvirki	Óveruleg	Kosturinn hefur óveruleg áhrif á landnotkun og mannvirki þar sem ekkert ræktarland, beitiland eða mannvirki verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar hvorki á framkvæmdartíma né eftir að þeim er lokið.	Óveruleg	Kosturinn hefur óveruleg áhrif á landnotkun og mannvirki þar sem ekkert ræktarland, beitiland eða mannvirki verður fyrir áhrifum.
Útivist og ferðamennska	Talsvert jákvæð	Áhrif á umhverfisþáttinn eru talsvert jákvæð þar sem góð vegtenging verður að ýmsum náttúruperlum og svæðum á Vatnsnesi sem er hvatning til útivistar og ferðamennsku.	Verulega neikvæð	Núverandi vegtenging er illfær og hættuleg sem dregur úr vilja fólks til þess að ferðast um svæðið og njóta útivistar.
Heilsa og hljóðvist	Óveruleg	Gera má ráð fyrir álagi hvað varðar hljóðvist á framkvæmdartíma vegna umferðar vinnuvéla en svæðið er dreifbýlt og því fáir sem hugsanlega gætu orðið fyrir áhrifum. Sprengingar eða annað sem gæti valdi álagstoppum og haft neikvæð áhrif bæði á menn og skepnur eru ekki ráðgerðar í framkvæmdinni. Eftir að framkvæmdum lýkur munu vegabæturnar hafa jákvæð áhrif á heilsu þar sem betri malarklæðning verður notuð á veginn og minna ryk fer út í andrúmsloftið við akstur bíla á veginum í þurru veðri.	Óveruleg	Óveruleg áhrif á umhverfisþátt hvað varðar hljóðvist en neikvæð áhrif hvað varðar loftgæði við veginn vegna mikillar rykmyndunar í þurru veðri við akstur á veginum.
Fornleifar	Óveruleg	Óveruleg áhrif á fornleifar. Fornleifaskráning liggur ekki fyrir en samkvæmt lauslegri athugun er hrunin varða innan efnistökusvæðis og tóftir fyrir utan svæðið sem verða ekki fyrir áhrifum.	Óveruleg	Óveruleg áhrif á fornleifar.
Gróðurfar	Óveruleg	Óveruleg áhrif á umhverfisþátt. Á því svæði sem breytingin nær til eru engar friðlýstar tegundir eða lykiltegundir. Þar sem gert er ráð fyrir efnistöku eru melar og sandlendi sem gengið verður frá við lokun efnistökusvæðanna.	Óveruleg	Óveruleg áhrif á umhverfisþátt.
Lífríki straumvatna	Óveruleg	Við uppbyggingu stokks við Tjarnará er tekið tillit til lífríkis og vinnu hagað þannig að framkvæmdin hafi sem minnst áhrif. Eftir að framkvæmdum lýkur eru áhrif óveruleg. Efnistaka mun ekki hafa áhrif á lífríki straumvatna.	Óveruleg	Óveruleg áhrif á lífríki straumvatna.
Samfélag	Verulega jákvæð	Ný veglögn mun hafa verulega jákvæð samfélagsleg áhrif þar sem öryggi vegfarenda mun stóraukast Ný veglína sker af hættulegar beygjur við Tjarnará. Bættar samgöngur styrkja sveitarfélagið þar tækifæri til samskipta verða auðveldari.	Verulega neikvæð	Á Vatnsnesvegi hafa verið mörg umferðaróhöpp sem rekja má beint til ástands vegarins. Slæmar samgöngur leiða til þess að erfitt er að sækja þjónustu og áhrif á félagslega þætti eru neikvæð.
Landslag og ásýnd	Óveruleg	Breyting á vegstæði er ekki talin hafa áhrif á landslag og ásýnd. Vegurinn mun að mestu liggja núverandi vegstæði og þar af leiðandi hafa litla breytingu í för með sér. Efnistökusvæðin eru umfangslítil en hafa engu að síður breytingar á ásýnd og landslagi í för með sér á meðan á	Óveruleg	Óveruleg áhrif á umhverfisþátt þar sem ekki eru lagðar til neinar breytingar frá gildandi aðalskipulagi.

		framkvæmda- og vinnslutíma stendur. Þegar efnisvinnslu lýkur verður gengið frá námunum til samræmis við aðliggjandi náttúrufar og áhrifin því talin vera óveruleg.		

Tafla 5. Umhverfismat.

8. Kynning og samráð

Skipulags- og matslýsing var auglýst hjá sveitarfélaginu frá 2. janúar til 25. janúar 2018 og samráð var haft við Skipulagsstofnun og aðrar stofnanir sem hafa sérþekkingu á viðfangsefnum skipulagsins vegna lýsingar á skipulagsverkefni og um umfang og áherslur umhverfismats aðalskipulagsbreytingar, eins og lög um umhverfismat áætlana gera ráð fyrir.

Samráð verður haft við eftirfarandi umsagnaraðila á eða fyrir auglýsingartíma aðalskipulagsbreytingarinnar.

- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
- Fiskistofu
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðina
- Minjastofnun Íslands
- Ferðamálastofu
- Náttúrufræðistofnun Íslands

Ef þörf reynist á að hafa samráð við aðra en áður talda aðila þá verður greint frá því í umhverfisskýrslu.

Tillagan verður kynnt fyrir almenningi og í kjölfarið auglýst og gefst þá íbúum tækifæri að koma með skriflegar athugasemdir sem sveitarfélaginu ber að svara.

DRÖG

1. Heimildarskrá

1. Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026.
2. Landskipulagsstefna 2015-2026.
3. Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
4. Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
5. Lög nr. 80/2012, Lög um menningarminjar.
6. Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.
7. Lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.
8. Lög nr. 64/1994 um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.
9. Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengun.
10. Námur.is
11. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
12. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
13. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
14. Náttúrufræðistofnun Íslands. Vistgerðarkort.
15. Náttúruverndarráð 1996. Náttúruminjaskrá 7. útgáfa. Náttúruverndarráð. Reykjavík.
16. Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
17. Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
18. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.
19. Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
20. Skipulagslög nr. 123/2010.

DRÖG